



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 7. mars 2018
2011020031
327. fundur
RÁ/bm

Lagt fyrir fund velferðarráðs 15. mars 2018

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Stöðumat III og lok á aðgerðaáætlun skv. stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara til ársins 2017.

Forsaga:

Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara var samþykkt á fundi velferðarráðs 20. desember 2012. Aðgerðaráætlun var kynnt á fundi velferðarráðs 16. janúar 2014. Stöðumat á aðgerðaáætlunni var lagt fyrir velferðarráð í janúar 2015 og aftur í apríl 2016.

Stefnunni er skipt upp í 6 kafla

- Forvarnir
- Gæði og samráð
- Stuðningur til sjálfstæðrar búsetu
- Búsetumöguleikar
- Aðstandendur
- Starfsfólk

Forvarnir:*Reykjavík - aldursvæn borg*

- ✓ **Komið verði á samstarfshópi ólíkra sviða borgarinnar til að vinna að verkefninu á árinu 2014. Samstarfshópurinn skoði möguleika á þátttöku Reykjavíkurborgar, geri verkáætlun og kostnaðarmeti verkefnið.**
- ✓ **Þegar ákvörðun um þátttöku Reykjavíkurborgar í verkefninu liggur fyrir ásamt verkáætlun og kostnaðarmati verði stofnaðir verkefnahópar með þátttöku hagsmunasamtaka.**

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála

Frá júní 2015 hefur Reykjavík tekið þátt í verkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) Aldursvænar Borgir. Í mars 2016 voru stofnaðir átta starfshópar í samræmi við átta áhersluflokka verkefnisins: útisvæði og byggingar; samgöngur; húsnæði; félagsleg þátttaka; virðing og félagsleg viðurkenning; virk samfélagsþátttaka og atvinnumöguleikar; fjarskipti og upplýsingar og samfélags- og heilbrigðisþjónusta. Erindisbréf hvers hóps má finna hér: <http://reykjavik.is/reykjavik-aldursvaen-borg>. Í hópunum áttu sæti fulltrúar eldri borgara, velferðarráðuneytis, heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Strætó bs ásamt starfsmönnum Reykjavíkurborgar. Hlutverk hópanna var að yfirfara þær hugmyndir sem fram komu á rásfundi verkefnisins, gera aðgerðaáætlanir, forgangsraða, meta aðgerðahæfi aðgerða og setja árangursmælikvarða. Yfir hópunum er verkefnisstjórnarhópur. Hóparnir luku vinnu sinni 1. September 2016 og skiluðu niðurstöðum til verkefnisstjórnarhópsins. Verkefnisstjórnarhópurinn yfirfór tillögurnar í samhengi við tillögur starfshóps um heilsueflingu aldra frá jan. 2016 og eftir þá yfirferð stóðu eftir 14 tillögur með 45 undirverkefnum. Skýrsla hópsins var kynnt í Velferðarráði 17. nóvember. Verkefnisstjórnarhópurinn hefur umsjón með því að koma nefndum tillögum í farveg.

Gæði og samráð:*Könnun á högum og viðhorfum aldra*

- ✓ **Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 verði sett fjármagn í gerð könnunar.**

Fjármagn var sett í slíka könnun 2016 og henni lokið í febrúar 2017, sbr. neðangreint.

- ✓ Á árinu 2016 verði samið við fyrirtæki um að gera könnun og til hliðsjónar verði hafðar fyrri lífshjarakannanir sem gerðar hafa verið til að ná fram samanburði.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra

„Greining á högum og líðan aldraðra á Íslandi á árinu 2016“, sem unnin var af Félagsvísindastofn Háskóla Íslands fyrir velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kom út í febrúar 2017.

http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/hagir_eldri_borgara_2016a.pdf

Efling upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu um málefni sem varða eldri borgara

- ✓ Velferðarsvið komi á samstarfi við vefstjórn heimasíðu Reykjavíkurborgar á árinu 2014
- ✓ Upplýsingar um þjónustu og félagsstarf fyrir eldri borgara sé uppfært vikulega og sé í prentvænu formi þannig að auðvelt sé að prenta það út og dreifa til þeirra sem þurfa.
- ✓ Árlega sé gefið út upplýsingaefni þar sem upplýsingar um framboð á virkni og afþreyingu fyrir eldri íbúa koma fram.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra

- ✓ Skoðaðar verði leiðir til að styrkja ráðgjafarþjónustu til eldri borgara t.d. með því að færa ráðgjöfina á þá staði sem eldri borgarar sækja.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri ráðgjafarþjónustu

Ábendingar um þjónustu

- ✓ Velferðarsvið innleiði rafrænt ábendingakerfi í félagslegri heimaþjónustu eigi síðar en 2015.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála.

Nærþjónustuhópar og notendasamráð

- ✓ Í starfsáætlun Velferðarsviðs fyrir árið 2015 verði áhersla á styrkingu á núverandi nærþjónustuhópum og áhersla á stofnun nærþjónustuhópa þar sem þeir eru ekki til staðar með það að markmiði að efla notendasamráð.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri öldrunar- og húsnæðismála.

Markmiðið með að styrkja nærþjónustuhópa var að tryggja notendasamráð. Mikil efling hefur orðið á notendasamráði hin síðari ár. Þróunin hefur verið sú að horfa frá styrkingu nærþjónustuhópa og leita frekar annarra hentugri leiða til að efla samráðið:

Þjónustuhópur aldraðra í Reykjavík hefur verið starfandi frá okt. 2002 eftir að borgarráð samþykkti skipan hópsins í samræmi við lög um málefni aldraðra, nr. 152/1999. Hópurinn fundar 9 sinnum á ári og í honum eiga sæti auk fulltrúa velferðarsviðs og heilsugæslu höfuðborgarsvæðis fulltrúi frá Félagi eldri borgara.

Öldrunarráð Íslands. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar á fulltrúa í stjórn Öldrunarráðs Íslands en félagið hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum um málefni aldraðra.

Öldungaráð Reykjavíkur. Öldungaráðið var stofnað í mars 2015 en það er nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ráðið er skipað 5 fulltrúum sem allir koma frá félagssamtökum eldri borgara.

Notendaráð eldri borgara eru starfrækt í félagsmiðstöðvum.

Samráð á grundvelli einstaklingsbundinnar ráðgjafar og þjónustu.

Verkefni um aldursvænar borgir var unnið út frá hugmyndum um notendasamráð. Formaður Öldrunarráðs á einnig sæti í stýrihópi verkefnisins.

Opnir fræðslufundir og málþing sem hafa t.d. verið skipulögð af þjónustumiðstöðvum.

Stuðningur til sjálfstæðrar búsetu

Heimaþjónusta

- ✓ Sameining félagslegrar heimþjónustu og heimahjúkrunar í Breiðholti/Árbæ/Grafarholti og Grafarvogi verði lokið í desember 2014. Lokið í byrjun árs 2015. Lokið 2016.
- ✓ Sameining félagslegrar heimþjónustu og heimahjúkrunar í hverfi Miðborgar/Hlíða og Vesturbæjar verði lokið desember 2014.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála.

Hollur og góður matur

- ✓ **Á árinu 2015 verði skoðað hvort hægt er að auka fjölbreytni og val um mat hvort sem um er að ræða heimsendan mat eða mat á félagsmiðstöðvum** Fjölbreytni hefur verið aukin. Ekki hefur ekki verið hægt að bjóða upp á val milli mismunandi rétta vegna smæðar framleiðslueldhúss. Verið er að skoða möguleika sem felast í notkun Mastercater tölvukerfisins, og aðkomu næringarráðgjafa og
- ✓ **Stefnt er að því að bjóða upp á sérþæði fyrir þá sem þurfa á því**

að halda eigi síðar en á árinu 2016.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á
skrifstofu öldrunar- og
húsnæðismála.
Tímaáætlun: 2017–2020.

nýjungar í tengslum við akstur og samþættingu heimaþjónustu.

Vegna smæðar eldhúss hefur ekki verið unnt að bjóða íbúum upp á sérféði. Hins vegar hefur íbúum staðið til boða auka grænmeti með réttum óski þeir þess.

Búsetumöguleikar:

Þjónustuíbúðir

- ✓ Á grundvelli starfsáætlunar Velferðarsviðs árið 2013 er unnið að þróunarverkefni í einum þjónustuíbúðakjarna Velferðarsviðs. Þar verði lögð verði áhersla á að þjónusta þann hóp aldraðra sem þarf á þjónustuíbúð að halda en þarf sértækari þjónustu en unnt er að veita við núverandi aðstæður.
- ✓ Árið 2013 var skipaður starfshópur sem hafi það hlutverk að skilgreina hópinn, kortleggja þær breytingar sem mögulega þarf að gera á því húsnæði sem kemur til greina, gera kostnaðaráætlun og annað

þróunarverkefnið var í gangi á Dalbraut og Seljahlíð og hefur sú reynsla verið nýtt í þeim starfshópum sem settir hafa verið á fót.

Á undanförunum árum hafa verið starfandi nokkrir starfshópar sem hafa haft það hlutverk m.a. að skoða þörf og möguleika á aukinni heilbrigðisþjónustu í þjónustuíbúðakjarna og þróun þjónustuíbúða fyrir fjölbreytilegan hóp aldraðra. Niðurstöður starfshópanna voru notaðar sem grunnur fyrir vinnu starfshóps vegna endurskoðunar markhóps þjónustuíbúða, sem skipaður var með erindisbréfi dagsettu 8.febrúar 2016. Niðurstöður starfshóps voru á þann veg að tryggja ætti með þeir sem fengju úthlutað væru þeir sem af heilsufarsástæðum þurfa á núverandi þjónustuformi að halda. Þetta hefur verið tekið til skoðunar í drögum að reglum um húsnæði.

Það sem þarf til að undirbúa þróun sértækra þjónustuíbúðakjarna. Í framhaldi af niðurstöðu hópsins verði næstu skref skoðuð og lögð fram tillaga um framkvæmd.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála.

Breytingar á húsnæði

- ✓ **Á árinu 2015 leiti Velferðarsvið eftir samstarfi við ríkið og aðra viðeigandi aðila um leiðir til að aðstoða fólk kleift við breyta húsnæði sínu þegar þörf krefur með það að markmið að fólk geti búið heima sem lengst.**

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála.

andi leiðir til að aðstoða fólk við að breyta húsnæði sínu hafa ekki skilað árangri, hins vegar hafa ýmsar aðrar leiðir verið kannaðar og má þar sérstaklega nefna vinnu á sviði velferðartæknilausna. Lausnir þar sem nýtt er fjarvöktun með því að fylgjast með notkun hita og vatns og einnig leiðir til að auðvelda fólki að komast upp og niður tröppur.

Hjúkrunarrými og stuðningsúrræði

- ✓ **Reykjavíkurborg hlutist til við velferðarráðuneytið um skipan starfshóps sem taki til starfa á árinu 2014 og meti þjóðfélagsleg áhrif fjölgunar aldraðra og geri tillögur að viðbrögðum, s.s. áætlun um þörf fyrir uppbyggingu hjúkrunarrýma, sveigjanlegum dagþjálfunarúrræðum og þjónustu- og öryggisbúðum á næstu árum.**
- ✓ **Reykjavíkurborg hlutist til um uppbyggingu og fjölgun hjúkrunarrýma í takt við þörf á næstu árum í samstarfi við velferðarráðuneytið.**

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri öldrunar- og húsnæðismála í samvinnu við sviðsstjóra.

Frá árinu 2014 hefur Borgarstjóri óskað eftir samstarfi við velferðarráðuneytið vegna öldrunarmál með bréfi og viðræðum við alla nýja heilbrigðisráðherra. Í árslok 2017 skiluðu viðræður og beiðni Borgarstjóra því að nú er í undirbúningi vinna milli Reykjavíkurborg, heilbrigðisráðuneyti, LSH og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis varðandi þennan málaflokk. Í ársbyrjun 2018 samþykkti velferðarráðuneytið beiðni velferðarsviðs um fjölgun á dagdvalarrýmum um alls 19.

Matstæki og gæðaviðmið

- ✓ **Mælitækið RAI-HC verði innleitt í heimaþjónustu**

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála.

Þessi vinna var í gangi í Laugardal/háaleiti en komst ekki á það stig að geta klárst vegna ágrenings um það hvort nota mæti mælitækið nema af hjúkrunafræðingum. Embætti landlæknis sem hefur með eftirlit með tækinu hefur látið gera úttekt á notagildi og öðrum atriðum sem viðkoma notkun og árangri af notkun þess og ekki er hægt að taka

ákvörðun um frekari notkun þess hjá Reykjavíkurborg fyrr en niðurstöður þeirrar úttektar liggja fyrir.

Aðstandendur:

Stuðningur við aðstandendur

- ✓ **Markvisst skal unnið að því kortleggja þörf aðstandenda fyrir stuðning og ráðgjöf**
- ✓ **Þjálfarar skal starfsfólk í því að veita ráðgjöf og stuðning til aðstandenda.**

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu ráðgjafarþjónustu

22. febrúar 2015 með starfsmönnum velferðarsviðs og fulltrúa félags eldri borgara kom fram að einn mikilvægasti stuðningur við aðstandendur aldraðra fælist í því að tryggja upplýsingagjöf þannig að aðstandendur vissu hvert þeir ættu að leita eftir upplýsingum um þjónustu og hvaða þjónusta væri í boði. Fram kom að æskilegast væri að gefa út bækling sem sendur yrði til aldraðra og hægt væri að láta liggja frammi á þeim stöðum sem aldraðir sækja. Þjónustuhópur aldraðra hefur gefið út slíkan bækling nú síðast í janúar 2018.

Það er mat starfsmanna velferðarsviðs að vinna þurfi frekar að þessu verkefni og því hafi ekki verið náð. Stuðningur til aðstandenda aldraðra er afar mikilvægur og ljóst að margir aðstandendur þurfa stuðning t.d. til að ráða betur við hlutverk sitt.

Starfsfólk:

- ✓ **Markvisst skal lögð áhersla á þekkingu, símenntun, fræðslu og þjálfun starfsfólks í öldrunarþjónustu.**

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála í samstarfi við skrifstofustjóra mannauðsskrifstofu.

Stöðugt hefur verið unnið að því að efla þekkingu, símenntun, fræðslu og þjálfun starfsfólks í öldrunarþjónustu enda er um viðvarandi verkefni að ræða. Meðal þeirra námskeiða sem voru haldin árið 2016 og 2017 eru Andlegar þarfir aldraðra, Líkamsbeiting og vinnutækni, Bráðahjálparfullorðinna, Skyndihjálpar, sýkingar og sóttvarnir, Aðlögun í nýju lífi eftir heilaskaða, Sýkingarvarnir og sýklalyfjapolnar bakteríur, Ný lyf og lyfjafræði fyrir sjúkraliða, Væntumþykja í verki, bætt heilsa með aukinni hreyfingu, Trú á eigin getu, Geðræn vandamál aldraðra,

Samskipti starfsmanna og neytenda-mörk í þjónustu, Ofbeldi gagnvart öldruðum, Við sjálf í samskiptum við aldraða, Að vinna inni á heimilum annarra, samskipti og viðhorf og Endurhæfing í heimahúsum.